

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um gjöld vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna, nr. 639/1995, sbr. reglugerð nr. 288/1996, sbr. auglýsing nr. 200/1997.

1. gr.

1., 2. og 3. töluliður 1. mgr. 1. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Fyrir innlagningu og meðferð alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar greiðast eftirtalin gjöld:

Kr.

1) Grunn gjald fyrir alþjóðlega einkaleyfisumsókn, skv. 2. mgr. 28. gr. einkaleyfalaga (ell.), sbr. 1. tl. 2. mgr. 51. gr. rg. ell., sbr. a-lið 1. mgr. 15. reglu PCT	32.000
2) Viðbótargjald fyrir hverja bls. umsóknar umfram 30	700
3) Tilnefningargjald fyrir hvert land sem tilnefnt er skv. 2. tl. 2. mgr. 51. gr. rg. ell., sbr. a-lið 1. mgr. 15. reglu PCT, þó greiðist að hámarki gjald fyrir 11 tilnefningar	7.400

2. gr.

Gjöld skv. 1. gr. taka til umsókna sem lagðar eru inn eftir 1. janúar 1998.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í lögum nr. 17/1991 með síðari breytingum og öðlast gildi þann 1. janúar 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 23. desember 1997.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. janúar 1998 að telja um 4,0% frá því sem þær voru í desember 1997.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. desember 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.